



Reykjavík 20. apríl 2021

Tilv. 2104197/0.7.3

Efni: Umsögn um stefnu um stafræna þjónustu

Þjóðskjalasafn Íslands sendir eftirfarandi umsögn um stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera sem auglýst er til umsagnar á Samráðsgátt.

Flest gögn, ef ekki öll, sem verða til, berast eða er viðhaldið í starfsemi stjórnvalda eru á rafrænu formi, liggja í rafrænum gagnasöfnum eða hugbúnaði sem stjórnvöld hafa til afnota. Það er því eðlilegt og í takt við aukna rafræna stjórnsýslu hins opinbera að sett sé umgjörð um sýn og stefnu í rafrænni þjónustu. Þjóðskjalasafn Íslands styður markmið stjórnvalda í að auka rafræna þjónustu og stjórnsýslu. Þjóðskjalasafn vill engu að síður minna á að samhliða aukinni rafrænni stjórnsýslu og þjónustu þarf að byggja upp og tryggja varðveislu þeirra rafrænu gagna sem verða til í störfum hins opinbera, þ.m.t. þau gögn sem verða til við það að hið opinbera veiti aukna stafræna þjónustu.

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar ásamt því að gegna hlutverki opinbers skjalasafns skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Hlutverk safnsins er m.a. að setja reglur, veita fræðslu og ráðgjöf um skjalahald hins opinbera og hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum um opinber skjalasöfn og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli laganna. Í reglulegum eftirlitskönnum Þjóðskjalasafns á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila hefur ítrekað komið í ljós hversu skammt á veg rafræn skjalavarsla afhendingarskyldra aðila er komin. Í nýjustu könnun safnsins á skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins, sem framkvæmd var í febrúar 2020, kom m.a. í ljós að um 1.400 rafræn gagnasöfn væru í notkun hjá embættum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Af þessum 1.400 rafrænu gagnasöfnum höfðu aðeins um 20% þeirra verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns samkvæmt reglum þar um og aðeins höfðu verið afhent gögn úr 3% þessara gagnasafna. Frá árinu 2010 til dagsins í dag hafa afhendingarskyldir aðilar aðeins afhent gögn úr 44 rafrænum gagnasöfnum til varðveislu. Ástæða þessarar stöðu er fyrst og fremst að afhendingarskyldir aðilar hafa ekki verið tilbúnir að fara í rafræna skjalavörslu og hafa stjórnvöld ekki sett sérstakt fé í það verkefni.

Ljóst er að stjórnvöld hafa ekki hugað að varðveislu rafrænna gagna samhliða aukinni áherslu á rafræna stjórnsýslu og þjónustu. Hér er því um mjög alvarlega stöðu að ræða og ljóst að ef ekki verður brugðist við að þá muni upplýsingar sem varða réttindi borgara landsins og hins opinbera tapast. Að sama skapi geta mikilvægar heimildir um sögu lands og þjóðar tapast. Þessi staða í rafrænni skjalavörslu hefur líka orðið til þess að mjög mikið af pappírsskjölum hafa orðið til hjá embættum og stofnunum ríkisins á síðustu árum. Í eftirlitskönnun safnsins árið 2020 kom í ljós að þá þegar höfðu orðið til 95.000 hillumetrar af pappírsskjölum sem nú liggja hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins og hafa ekki enn verið afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu.


Það er mat Þjóðskjalasafns að aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu og þjónustu kalli jafnframt á aukna áherslu á varðveislu rafrænna gagna. Rafræn stjórnsýsla og rafræn varðveisla gagna er sitt hvort hliðin á sama peningnum og því ekki hægt að leggja áherslu á annað án þess að huga að hinu. Varðveisla gagna á pappír í samfélagi sem byggir upp á rafrænni þjónustu og stjórnsýslu er ekki raunhæf til lengri tíma, bæði vegna gagnamagnsins sem er alltaf að aukast í íslenskri stjórnsýslu og líka vegna þess að með því að prenta skjal á pappír og ætla að varðveita það þannig tapast ýmsar upplýsingar sem eru í hinu rafræna skjali og yfirferast ekki yfir á pappírinn. Þá er ekki möguleiki að varðveita öll varðveisluverð rafræn gögn á pappír, t.d. stóra gagnagrunna sem eru byggðir upp á vensluðum töflum, hljóðskeið og myndskeið.

Að mati Þjóðskjalasafns þurfa stjórnvöld, samhliða áherslum um aukna rafræna stjórnsýslu og þjónustu, að setja fé til stofnana og embætta ríkisins svo að þær geti innleitt rafræna skjalavörslu að fullu og afhent gögn á rafrænu formi til Þjóðskjalasafns. Að sama skapi þarf að styrkja rafræna skjalavörslu í Þjóðskjalasafni með því að safninu verði gert kleift að ráða fleiri sérfræðinga í rafrænni skjalavörslu til að aðstoða ríkið í þessari innleiðingu. Það er jafnframt mat Þjóðskjalasafns að nauðsynlegt sé að í stefnu um rafræna stjórnsýslu og þjónustu hins opinbera sé jafnframt að finna stefnu um varðveislu rafrænna gagna.

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður



Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs